

FÉLAGSDÓMUR

Dómur þriðjudaginn 16. febrúar 2021.

Mál nr. 13/2020:

Alþýðusamband Íslands

vegna Sjómannasambands Íslands

(Birna Ketilsdóttir lögmaður)

gegn

Samtökum atvinnulífsins

vegna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

(Ragnar Árnason lögmaður)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 2. febrúar sl.

Málið dæma Kjartan Bjarni Björgvinsson, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Valgeir Pálsson og Karl Ó. Karlsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Sjómannasambands Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins vegna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Borgartúni 35 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Að viðurkennt verði með dómi að umsamin 0,5% hækkun á skiptaverðmætishlutfalli vegna afla sem seldur er til eigin vinnslu innanlands, sbr. 2. mgr. 1.29.1. gr. í kjarasamningi milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Sjómannasambands Íslands hins vegar, dags. 18. febrúar 2017, haldi gildi sínu þar til um annað verði samið milli aðila.
- 2 Þá er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Málavextir

- 4 Þann 18. febrúar 2017 skrifuðu stefndi Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök atvinnulífsins undir kjarasamning við stefnanda Sjómannasamband Íslands. Gildistími kjarasamningsins var frá 18. febrúar 2017 til 1. desember 2019.
- 5 Aðilar sömdu meðal annars um að á meðan unnið væri að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma samningsins, skyldi skiptaverðmætishlutfall samkvæmt olíuverðsviðmiðun að lágmarki vera 70,5% hjá

útgerðum sem seldu afla til eigin vinnslu innanlands, sbr. ákvæði 1.29.1 í kjarasamningi aðila.

- 6 Bókunin sem vísað var til í ákvæðinu var bókun C við kjarasamninginn. Samkvæmt henni sömdu aðilar um að á gildistíma kjarasamningsins skyldi fara fram heildarendurskoðun á samningi aðila. Þannig ætti að færa orðalag einstakra greina til nútímans, fella greinar brott ef ástæða væri til og bæta greinum inn ef þörf væri á til að endurspeglar þróun og breytt vinnubrögð útgerðar fiskiskipa og starfa fiskimanna.
- 7 Í bókuninni var einnig kveðið á um að skipa skyldi starfshóp til að vinna að þessu verkefni en hann skyldi skipaður fjórum fulltrúum stefnda sem og fjórum fulltrúum sem tilnefndir væru sameiginlega af stefnanda, Félagi vélstjóra og málmtæknumanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannafélagi Íslands. Sagði jafnframt í bókuninni að samningsaðilar skyldu gera ríkissáttasemjara grein fyrir framgangi bókunarinnar reglulega, þ.e. í september, janúar og maí hvert ár á samningstímanum. Þá sagði þar að fundir skyldu haldnir ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á skrifstofu ríkissáttasemjara. Loks var mælt fyrir um það í bókuninni að starfshópurinn skyldi hefja störf innan mánaðar frá því að kjarasamningur aðila væri samþykktur og miða við að hafa lokið störfum sínum eigi síðar en 1. júlí 2019.
- 8 Fyrir liggur að stefndi gerði samdægurs kjarasamninga við Sjómannanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Félag vélstjóra og málmtæknumanna og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, en allt eru þetta félög sjómanna. Þá gerði stefndi kjarasamning við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, dags. 24. júní 2016, ásamt viðauka, dags. 12. maí 2017.
- 9 Í þessum kjarasamningum eru samhljóða ákvæði um skiptaverðmætishlutfall í tengslum við heildarendurskoðun kjarasamninganna á gildistíma þeirra. Þá eru þar einnig ákvæði um starfshóp sem átti að sinna verkefninu og var miðað við það að hópurinn hæfi störf innan mánaðar frá því að samningur var samþykktur. Einnig var miðað við að hópurinn lyki störfum eigi síðar en 1. júlí 2019.
- 10 Í gögnum málsins liggur fyrir kynningarefni frá Félagi vélstjóra og málmtæknumanna og Sjómannanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur um kjarasamninga félaganna við stefnda. Í kynningarefni fyrrnefnda félagsins, dags. 18. febrúar 2017 segir m.a. svo um hlutfall skiptaverðmætis: „Á samningstímanum verður skiptaverðmætishlutfall að lágmarki 70,5% hjá útgerð sem selur afla til eigin vinnslu innanlands. Ákvæðið gildir út samningstímamann.“ Í kynningarefni Sjómannanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, sem þá var eitt aðildarfélag stefnanda og dagsett er sama dag, segir í umfjöllun um hækkun á olúviðmiði í 70,5%: „Útgerð skuldbindur sig til að hækka hlut sjómanna í samræmi við breytt olúviðmið. Á meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings.“
- 11 Stefndi sendi félagsmönnum sínum einnig kynningarefni vegna nýrra kjarasamninga þann 22. febrúar 2017 þar sem settar eru fram upplýsingar um helstu dagsetningar.

Segir þar meðal annars að olíuverðsviðmiðun 70,5% falli niður 1. júlí 2019 í tengslum við vinnu við bókun um heildarskoðun kjarasamnings. Í umfjöllun um olíuviðmið kemur að sama skapi fram að 0,5% álagið skuli falla niður 1. júlí 2019.

- 12 Ágreiningslaust er að starfshópur samkvæmt bókun C tók til starfa eftir að kjarasamningur aðila var undirritaður. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að finna neinar upplýsingar um fundi starfshópsins. Ekki er deilt um að starfshópurinn hafi fundað fullskipaður 11. nóvember 2019 og að haldinn hafi verið fundur í minni hópi 20. nóvember 2019 um stærðarviðmiðanir skipa. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið hvort og þá hvernig starfshópurinn hafi starfað eftir þann tíma.
- 13 Rétt áður en gildistíma kjarasamnings aðila lauk 1. desember 2019 gerðu aðilar viðræðuáætlun vegna endurnýjunar kjarasamnings 28. nóvember 2019. Kröfugerðir viðsejenda stefnda voru kynntar stefnda og ljóst eftir framlagningu þeirra að ekki yrði um samflot að ræða eða sameiginlega nálgun af hálfu stéttarfélaganna.
- 14 Kjarasamningur aðila rann út 1. desember 2019 án þess að heildarendurskoðun samningsins væri lokið. Sama dag runnu út aðrir kjarasamningar stefnda við sambönd og félög sjómanna, að frátöldum kjarasamningi Félags vélstjóra og málmæknimanna sem féll úr gildi 1. október 2019.
- 15 Nýr kjarasamningur hefur ekki verið undirritaður frá því að kjarasamningur aðila rann út og eru kjarasamningar sjómanna því lausir. Ágreiningslaust er að eldri kjarasamningur hefur verið lagður til grundvallar í lögskiptum málsaðila um kaup og kjör.
- 16 Í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 lækkaði heimsmarkaðsverð á olíu og hækkaði skiptaverð til sjómanna þegar aflinn er seldur til skyldra aðila með því úr 70,5% af verðmætinu í 75,5%.
- 17 Með bréfi, dags. 6. maí 2020, tilkynnti stefndi stefnanda, ásamt öðrum verkalýðsfélögum, um „afnám 0,5% hækkunar á skiptaverðmætishlutfalli á afla sem seldur er til eigin vinnslu innanlands“. Í bréfinu vísaði stefndi til síðustu kjarasamninga við sjómenn þar sem samið var um að skiptaverðmætishlutfall samkvæmt olíuverðsviðmiðun væri að lágmarki 70,5% hjá útgerðum sem seldu afla til eigin vinnslu innanlands, á meðan unnið væri að bókun um heildarendurskoðun kjarasamninga á gildistíma viðkomandi samnings.
- 18 Í sama bréfi lýsti stefndi því síðan yfir að frá og með 1. júní 2020 yrði afnumin 0,5% hækkun á skiptaverðmætishlutfalli vegna afla, sem seldur væri til eigin vinnslu innanlands, þar sem um tímabundna breytingu hafi verið að ræða. Í bréfi stefnda sagði að þessi breyting hafi verið skilyrt við vinnu við bókun um heildarendurskoðun kjarasamninga á gildistíma þeirra. Vísaði stefndi jafnframt til þess að nú lægju fyrir undirritaðar viðræðuáætlanir og kröfugerðir allra hlutaðeigandi, auk þess sem samninganefndir færu með samningsumboð. Starfshópurinn sem skipaður var og vann

að bókuninni hefði því hvorki hlutverk né umboð til frekari vinnu við heildarendurskoðun.

- 19 Stefnandi svaraði bréfi stefnda með bréfi, dags. 7. maí 2020. Í bréfinu mótmælti stefnandi því að stefndi gæti með einhliða yfirlýsingu breytt kjarasamningi milli aðila. Benti stefnandi á að samningstími kjarasamningsins frá 18. febrúar 2017 hafi verið tímabundinn samkvæmt ákvæði 1.45.
- 20 Í bréfi stefnanda til stefnda var jafnframt vísað til meginreglunnar um að ákvæði kjarasamnings giltu þar til nýr kjarasamningur væri gerður og að nýr samningur miðaðist þá við lok gildistíma hins fyrri. Aðilar hafi þó ekki alltaf virt viðmið um gildistíma en inntak reglunnar um að eldri kjarasamningur gildi þar til nýr væri gerður hefði verið óumdeilt og ágreiningslaust.
- 21 Stefnandi tók í bréfi sínu undir sjónarmið úr bréfi stefnda frá 6. maí 2020 um að vinnu við bókun með kjarasamningnum sem undirritaður var 18. febrúar 2017 hafi átt að vera lokið fyrir 1. júlí 2019, enda hafi báðir samningsaðilar verið með það metnaðarfulla verkefni að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir 1. desember 2019. Til þess að svo mætti verða hafi verið nauðsynlegt að setja ákveðna pressu á aðila um að ljúka endurskoðuninni samkvæmt bókuninni ef takast ætti að undirrita nýjan kjarasamning strax þann 1. desember 2019. Þetta hafi komið fram í samtölum milli formanns samningsnefndar stefnda og fulltrúa stefnanda í aðdraganda þess að samningar voru undirritaðir. Þá hafi þessi skilningur jafnframt komið fram í samtölum milli aðila á samningstímanum.
- 22 Í framhaldinu benti stefnandi á að þótt ekki hafi tekist að ljúka þessari heildarendurskoðun fyrir tilsettan tíma, veitti það stefnda engan rétt til þess að afnema umrætt samningsákvæði einhliða enda væri endurskoðunin forsenda þess að samningar tækjust milli aðila um framlengingu á síðast gildandi kjarasamningi.
- 23 Af gögnum málsins verður ekki séð að stefndi hafi svarað þessu bréfi stefnanda efnislega. Með tölvupósti, dags. 27. maí 2020, sendi Friðrik Þór Gunnarsson, hagfræðingur stefnda, tölvupóst á tilgreinda aðila þar sem olúskjal fyrir júní 2020 var viðhengt.
- 24 Fulltrúi stefnanda svaraði þessum tölvupósti samdægurs og gerði athugasemd við að búið væri að taka út dálk um sölu innanlands þegar afli er seldur til skyldra aðila. Ítrekaði hann jafnframt afstöðu stefnanda að stefnda væri óheimilt að breyta þessu með einhliða yfirlýsingu líkt og þeirri sem send var út þann 6. maí 2020. Skiptaverð afla sem seldur væri innanlands til skyldra aðila ætti því að vera 77,5% frá og með 1. júní 2020 eins og tilgreint væri í ákvæði 1.29.1 í kjarasamningi aðila.
- 25 Athugasemdum stefnanda var ekki svarað efnislega en með tölvupósti dags. 24. júní 2020 sendi hagfræðingur stefnda aftur tölvupóst á tilgreinda aðila þar sem olúskjal fyrir júlí 2020 var viðhengt.

- 26 Í svari fulltrúa stefnanda sem sent var samdægurs ítrekaði hann fyrri athugasemdir um að ekki væri tekið fram í skjalinu að skiptaverð, þegar aflu er seldur skyldum aðilum, skuli vera 73,5%. Þá ítrekaði fulltrúi stefnanda fyrri sjónarmið um að kjarasamningurinn væri skýr um þetta atriði og að tilkynning stefnda frá 6. maí 2020 væri markleysa þar sem síðast gildandi samningur væri í gildi þar til nýr væri gerður. Það ætti einnig við um skiptaverð þegar aflinn væri seldur til skyldra aðila.
- 27 Þar sem ljóst hafi verið að aðila greini á um túlkun og gildi ákvæðis 1.29.1 í kjarasamningi aðila taldi stefnandi óhjákvæmilegt að vísa málinu til Félagsdóms til að leysa úr ágreiningi aðila.
- 28 Við aðalmeðferð málsins 2. febrúar sl. gáfu skýrslu Valmundur Valmundsson, formaður samninganefndar stefnanda og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 29 Að mati stefnanda lýtur sakarefni þessa máls í meginatriðum að því hvort stefnda hafi verið heimilt að segja upp að hluta, einhliða og fyrirvaralaust, ákvæði 1.29.1 í kjarasamningi aðila, með yfirlýsingu líkt og þeirri sem stefndi sendi 6. maí 2020.
- 30 Stefnandi telur það stríða gegn meginreglum vinnuréttar og ákvæðum laga nr. 55/1980 að stefndi segi upp kjarasamningi aðila, hvort sem það er í heild sinni eða hluta. Í íslenskum vinnurétti verði sú meginregla talin gilda að jafnvel þó kjarasamningur renni sitt skeið skuli hann gilda um kjör viðkomandi starfsmanna þar til nýr kjarasamningur hafi verið gerður.
- 31 Stefnandi bendir á að í ákvæði 1.29.1 í kjarasamningnum sé fjallað um skiptaverð á afla innanlands og á vinnsluskipum. Samkvæmt ákvæðinu skuli skiptaverðmætishlutfall sem tekur mið af gasolíuverði á heimsmarkaði vera í samræmi við þær tölur sem getið er um í ákvæðinu. Þannig skuli skiptaverð vera 80% af heildar aflaverðmætinu sé heimsmarkaðsverð á gasolíu 164,00 bandaríkjadóllarar eða lægra en 70% sé heimsmarkaðsverð á gasolíu 353,00 bandaríkjadóllarar eða hærra. Í 2. mgr. greinarinnar segi síðan:

„Á meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings, skal útgerð sem selur afla til eigin vinnslu innanlands, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila, skal skiptaverðmætishlutfall vera að lágmarki vera 70,5%. Aðrar tölur fyrir afla til eigin vinnslu innanlands breytast til samræmis við þetta.“

- 32 Stefnandi byggir á því að aðilar hafi með þessu ákvæði samið um að skiptaverðmætishlutfall skyldi á gildistíma samningsins vera 0,5% hærra en ella þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu innanlands, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Í þessu felist að þegar skiptaverð innanlands er 70% af heildarverðmæti afla (þ.e. þegar heimsmarkaðsverð á olíu er 353,00 bandaríkjadóllarar og hærra) eigi það

samkvæmt 2. mgr. ákvæðis 1.29.1 í kjarasamningnum að vera 70,5% þegar afli er seldur skyldum aðila. Lækki olíuverð þá hækki skiptaverðmæti hlutfallið í samræmi töfluna í ákvæði 1.29.1 og þá fylgi 0,5% alltaf þeim breytingum þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu innanlands, sbr. orðalag ákvæðisins „aðrar tölur fyrir afla til eigin vinnslu innanlands breytast til samræmis við þetta“.

- 33 Stefnandi byggir á því að ástæðan fyrir því að aðilar sömdu um þetta atriði hafi verið krafa sjómanna um hækkun skiptaverðs. Þegar aðilar rituðu undir kjarasamninginn í febrúar 2018 hafi einnig verið rætt um það að afnema tengingu skiptaverðs við olíuverð og skipta út heildarverðmætinu en stefnandi bendir á að lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti voru sett þegar svokallað „sjóðakerfi“ sjávarútvegsins var afnumið. Þeim lögum hafi síðan verið breytt með lögum nr. 21/1987 í kjölfar kjarasamnings milli sjómanna og Landssambands íslenskra útgerðarmanna þar sem olíuverð hafi verið tengt við skiptaverðið. Hluti af þeirri vinnu sem bókun C í kjarasamningi aðila hafi snúist um hafi verið að finna út hvernig best væri að standa að því að afnema olíuverðsviðmiðið enda hafi það verið og sé barns síns tíma. Þeirri vinnu sé aftur á móti ekki lokið.
- 34 Af hálfu stefnanda er vísað til þess að bókun C í kjarasamningi aðila snúi að heildarendurskoðun kjarasamningsins. Aðilar hafi verið sammála um að kjarasamningurinn yrði yfirfarinn í heild sinni á samningstímanum og að skipa ætti starfshóp til að vinna að því verkefni. Miðað hafi verið við að starfshópurinn hæfi störf innan mánaðar frá því að samningurinn væri samþykktur og hefði lokið störfum eigi síðar en 1. júlí 2019. Samningur aðila hafi aftur á móti runnið út 1. desember 2019 án þess þó að vinnu við heildarendurskoðun samningsins samkvæmt bókun C, væri lokið. Stefnandi telur það ekki veita stefnda heimild til þess að semja nýtt ákvæði eða nýjan kjarasamning eða fella úr gildi ákvæði í kjarasamningi aðila án þess að gerður sé nýr samningur.
- 35 Stefnandi byggir málatilbúnað sinn aðallega á því að stefndi geti ekki, einhliða og fyrirvaralaust sagt upp ákvæði 1.29.1 í kjarasamningi aðila með þeim hætti sem gert var. Vísar stefnandi þá til þess að kjarasamningur aðila frá 18. febrúar 2017 haldi gildi sínu þar til aðilar hafa skrifað undir nýjan kjarasamning og sé aðilum að samningnum óheimilt að breyta ákvæðum samningsins eða segja þeim upp einhliða. Það sama gildi um þær bókanir er fylgdu kjarasamningnum enda hafi þær bókanir og yfirlýsingar sem fylgdu kjarasamningnum sama gildi og kjarasamningurinn sjálfur og eiga að skoðast sem hluti hans.
- 36 Stefnandi byggir á því að þar sem aðilar hafi ekki undirritað nýjan kjarasamning og heildarendurskoðun kjarasamningsins sé þar með ólokið sé stefnda með öllu óheimilt að taka einhliða ákvörðun um að fella úr gildi hluta af ákvæði 1.29.1 í kjarasamningi. Ákvæðið sé enn í gildi þar til nýr kjarasamningur hafi verið undirritaður. Því til stuðnings bendir stefnandi á að aðilar hafi sammælt um það í tugi ára að síðast gildandi kjarasamningur gildi þar til aðilar undirrita nýjan samning.

- 37 Í því sambandi er á það bent að þegar kjarasamningar sjómanna losnuðu í janúar 2011 liðu rúmlega 6 ár þar til aðilar undirrituðu nýjan kjarasamning. Allan þann tíma hafi aðilar farið eftir síðast gildandi samningi þegar kom að kaupum og kjörum sjómanna. Hafi það sýnt og sannað tilvist og inntak þeirrar meginreglu sem málartilbúnaður stefnanda í þessu máli byggir á. Stefnandi byggir á að það sama eigi að gilda nú og að kjarasamningnum verði ekki breytt nema með nýjum samningi. Þangað til sé báðum aðilum óheimilt að segja tilteknum ákvæðum upp eða lýsa því yfir einhliða að tiltekin ákvæði gildi ekki lengur.
- 38 Stefnandi hafnar því sem stefndi heldur fram í bréfi sínu frá 6. maí 2020 að starfshópurinn sem skipaður var og vann að bókun C í kjarasamningi aðila, hafi hvorki lengur hlutverk né umboð til frekari vinnu við heildarendurskoðun kjarasamningsins. Í því sambandi bendir stefnandi á að þær dagsetningar sem settar voru fram í bókun C í kjarasamningi hafi einungis verið til viðmiðunar og settar inn til þess að setja ákveðna pressu á samningsaðila að ná saman um nýjan kjarasamning. Það hafi þó aldrei leikið neinn vafi á því að fulltrúar stefnda höfðu fullt umboð til þess að vinna í málum tengdum samningnum, þar með talið þeim bókunum er fylgdu samningnum, eftir þann tíma.
- 39 Hafi stefndi ekki talið sig hafa umboð til þess að vinna í málum tengdum samningnum eftir 1. júlí 2019 telur stefnandi með öllu óljóst hvenær stefndi telji sig hafa misst það umboð.
- 40 Í því sambandi bendir stefnandi á að samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 80/1938 skuli viðræðuáætlun gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Þar sem kjarasamningur aðila rann út 1. desember 2019 átti viðræðuáætlun vegna kjaraviðræðna því að liggja fyrir um 20. september 2019.
- 41 Viðræðuáætlun milli aðila hafi þó ekki verið undirrituð fyrr en 28. nóvember 2019. Þá hafi kröfur aðila verið lagðar fram á fundi milli aðila þann 11. febrúar 2020. Á fundinum hafi umboð enn fremur verið endurnýjuð og samningsnefndir hvors aðila um sig kynntar. Ekkert hafi komið fram á fundinum af hálfu stefnda um að vinnu við bókanir kjarasamnings yrði hætt þar sem þeir hefðu ekki umboð til frekari vinnu enda með öllu óljóst hvernig stefndi hyggðist þá ljúka kjarasamningi við stefnanda án þess að halda vinnu við bókanir, sem eru hluti kjarasamningsins, áfram.
- 42 Stefnandi bendir einnig á að á tímabilinu 4. júní 2019 til og með 6. janúar 2020 hafi aðilar fundað alls 16 sinnum um þær bókanir er tengdust kjarasamningnum. Á fundi aðila þann 20. nóvember 2019 hafi aðilar lagt fram vinnuskjal um stærðarviðmið skipa sem aðilar hafi ætlað að fara með til sinna umbjóðenda. Aðilar hafi sammælst um að þegar fulltrúi stefnda væri búinn að fara yfir málið með sínum mönnum í ákveðinni veiðigrein ætti að halda fund um efnið aftur.
- 43 Á fundi aðila 6. janúar 2020 í úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafi fulltrúi stefnda, sem var að skoða framangreindra skráningarlengd, tilkynnt að aðilar væru að

vinna í málinu. Afstaða stefnda, um að þeir hefðu ekki lengur umboð til þess að vinna að bókunum samkvæmt kjarasamningnum, hafi því komið stefnanda verulega á óvart enda hafi umboðið verið í fullu gildi þann 6. janúar 2020. Þá hafi stefndi ekkert getið um umboðsleysi sitt þegar kröfur aðila í kjaraviðræðunum voru lagðar fram þann 11. febrúar 2020. Stefnandi telur meintan umboðsskort órökstuddan og jafnframt hvers vegna hann eigi að miðast við 1. júní 2020.

- 44 Stefnandi telur ljóst að heildarendurskoðun kjarasamnings aðila samkvæmt bókun C sé hvergi nærri lokið. Sú túlkun stefnda, að skýra beri 2. mgr. ákvæðis 1.29.1 í kjarasamningi aðila á þann veg að stefnda sé nú heimilt að afnema umrædda hækkun á skiptaverðmætishlutfalli vegna afla sem seldur er til eigin vinnslu innanlands, þar sem um hafi verið að ræða tímabundna breytingu sem hafi verið skilyrt vinnu við bókun um heildarendurskoðun kjarasamningsins, fær því ekki staðist að mati stefnanda, enda sé vinnunni ekki lokið. Þar að auki sé stefnda með öllu óheimilt að breyta eða segja upp ákvæðum kjarasamningsins einhliða á meðan ósamið er um nýjan kjarasamning, vegna meginreglu vinnuréttar um að eldri kjarasamningur gildi þar til um nýjan hefur verið samið.
- 45 Að öllu framangreindu virtu telur stefnandi að fallast verði á málatilbúnað hans um að tilkynning stefnda um afnám á 0,5% hækkunar á skiptaverðmætishlutfalli vegna afla sem seldur er til eigin vinnslu innanlands hafi verið ólöglegt og að kjarasamningur aðila frá 18. febrúar 2017, ásamt bókunum þeim sem honum fylgdu, haldi gildi sínu þar til aðilar hafa undirritað nýjan samning.
- 46 Stefnandi kveðst byggja málsókn sína á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi gerðra samninga og meginreglu vinnuréttar um gildi eldri kjarasamninga þar til nýir hafa verið gerðir. Krafa um málskostnað byggist á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um dómssvald Félagsdóms kveðst stefnandi vísa til 44. og 45. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Málsástæður og lagarök stefnda.

- 47 Stefnandi reisir sýknukröfu sína á því að krafa stefnanda um viðurkenningu á gildi sérstaks ákvæðis um tímabundna hækkun skiptaverðmætishlutfalls eigi sér ekki stöð í þeim kjarasamningi sem unnið sé eftir af hálfu aðila.
- 48 Stefnandi vísar til þess að hann hafi gert kjarasamninga við sex sambönd og félög sjómanna og hafi í samningunum verið samhljóða ákvæði um endurskoðun sameiginlegra ákvæða kjarasamninganna.
- 49 Til að undirstrika áherslu aðila um endurskoðun hafi verið samþykkt að átta fulltrúar væru skipaðir í starfshóp, fjórir frá stefnda og fjórir frá tilgreindum samböndum og félögum. Þá hafi verið gert ráð fyrir gerð viðræðuáætlunar og reglubundinni upplýsingagjöf til ríkissáttasemjara um framgang viðræðna í starfshópnum. Haldnir skyldu mánaðarlegir fundir á skrifstofu ríkissáttasemjara, vinnu starfshópsins var

markaður tilgreindur tími og greitt hærra skiptaverðmætishlutfall á meðan unnið var að endurskoðun.

- 50 Ljóst er að mati stefnda að umboð starfshópsins og þar með tímabundið álag á skiptaverðmætishlutfall hafi verið afmarkað við gildistíma kjarasamningsins. Til að undirstrika tímabundið eðli ákvæðisins hafi það verið orðað með eftirfarandi hætti: „Á meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings [...] skal skiptaverðmætishlutfall vera að lágmarki 70.5%.“
- 51 Ákvæði þetta hafi verið samhljóða í öllum kjarasamningum stefnda við félög sjómanna og þau því skuldbundin til að haga samstarfi um endurskoðun með tilteknum hætti. Samstarfið hafi einungis verið skuldbindandi út gildistíma kjarasamninganna. Þegar samstarfinu hafi lokið hafi jafnframt fallið brott forsenda fyrir greiðslu tímabundins álags.
- 52 Stefndi byggir á því að tímabundið eðli ákvæðisins hafi verið áréttað með tvennum hætti, annars vegar með tilvísun til tímabils á meðan unnið væri samkvæmt bókun um heildarendurskoðun kjarasamninganna og hins vegar með því að afmarka þá vinnu við gildistíma kjarasamninganna.
- 53 Stefndi bendir á að þessi skilningur stefnda komi skýrt fram í kynningarefni hans vegna nýrra kjarasamninga, dags. 22. febrúar 2017. Sérstaklega sé áréttað að tímabundin hækkun falli niður 1. júlí 2019. Kynningarefni stefnda sé ótvíræð samtímaheimild um hvernig aðilar hafi túlkað ákvæði kjarasamningsins um tímabundna hækkun skiptaverðmætishlutfalls. Í kynningarefni VM hafi jafnframt verið gert ráð fyrir að hækkunin væri tímabundin en þar hafi sérstaklega verið tekið fram að hækkun skiptaverðmætishlutfalls gildi út samningstímamann. Með því hafi sjómenn verið upplýstir, fyrir atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn, að þeir gætu ekki byggt rétt á þessu ákvæði eftir að kjarasamningurinn væri úr gildi fallinn. Kynningarefni SVG, eins aðildarfélags stefnanda, verði ekki skilið á annan veg en að sérstök hækkun hafi átt að vera tímabundin.
- 54 Stefndi telur að túlka eigi ákvæði kjarasamnings aðila eftir orðanna hljóðan og með hliðsjón af vilja samningsaðila, sem hafi skýran stuðning í kynningarefni stefnda frá 22. febrúar 2017, og því sé ótvírætt að greiðsla álags hafi verið afmörkuð við tímabil á meðan unnið var að sameiginlegri heildarendurskoðun kjarasamninganna.
- 55 Stefndi byggir á því að aðilar kjarasamnings hafi í krafti samningsfrelsis heimild til að semja svo um að ákvæði í kjarasamningi falli niður að tilteknum tíma liðnum, annað hvort þegar tilgreind dagsetning er runnin upp eða þegar tilteknar aðstæður liggja fyrir.
- 56 Að mati stefnda er ljóst að ákvæði um tímabundna hækkun skiptaverðmætishlutfalls hafi verið bundið skilyrðum og forsendum. Þegar tiltekin lausnarskilyrði væru uppfyllt þá lyki samhliða skyldu stefnda.

- 57 Stefndi telur kröfu stefnanda um að sérstakt álag á skiptaverðmætishlutfall haldi gildi sínu þar til stefnandi samþykkir annað vera í beinni andstöðu við ákvæði kjarasamnings sem skilyrðir greiðsluna við tímabil á meðan unnið sé að heildarendurskoðun kjarasamningsins.
- 58 Stefndi telur meginmálsástæðu stefnanda byggjast á þeirri röngu forsendu að stefndi hafi sagt upp hluta kjarasamnings aðila. Stefndi hafi ekki sagt upp ákvæði um sérstakt álag, heldur hafi það einfaldlega fallið niður þegar forsendur voru ekki lengur fyrir hendi.
- 59 Stefndi byggir á því að stéttarfélög séu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og séu einstakir félagsmenn bundnir af samningum félagsins. Stéttarfélögum sé heimilt að semja um tímabundin kjör eða réttindi sem falli niður þegar forsendur séu ekki lengur fyrir hendi. Hvorki stéttarfélög eða einstaka félagsmenn geti byggt rétt á ákvæðum sem séu úr gildi fallin.
- 60 Stefndi andmælir þeirri ályktun stefnanda að stefndi sé með afstöðu sinni að hafna því að fylgja skuli meginefni kjarasamninga eftir að þeir falla úr gildi. Slík afstaða hafi hvergi komið fram af hálfu stefnda. Stefndi sé hins vegar í fullum rétti að hafna því að greiða áfram álag samkvæmt tímabundnu ákvæði kjarasamnings sem sé úr gildi fallið.
- 61 Stefndi telur að ef ætlun samningaáðila hefði verið að 0,5% hækkun skiptaverðmætishlutfalls ætti að gilda þar til um annað væri samið milli aðila þá hefði eðlileg framsetning verið að hækka hlutfall í töflu samningsins um 0,5%. Framsetning þessarar hækkunar, þ.e. að tengja hana við tiltekið tímabil og atburði, undirstrikar að mati stefnda þann vilja samningsaðila að einungis hafi verið um tímabundna aðgerð að ræða.
- 62 Stefndi telur þess misskilnings gæta í stefnu að stefndi hafi borið við eigin umboðsskorti. Vísar stefndi til þess að með aðild að stefnda og Samtökum atvinnulífsins feli aðildarfyrirtækin samtökunum umboð til að gera kjarasamninga og gildi það umboð jafnt á gildistíma kjarasamninga og eftir að þeir falla úr gildi. Því hafi ekkert verið til fyrirstöðu að stefndi viðraði hugmyndir um breytingar á kjarasamningum við einstaka viðsemjendur.
- 63 Sameiginlegur starfshópur stefnda og stéttarfélaganna hafi á hinn bóginn ekkert umboð haft til áframhaldandi vinnu eftir að skipunartíma hans lauk. Hver og einn viðsemjandi stefnda hafi gengið frá viðræðuáætlun við stefnda um fyrirkomulag kjaraviðræðna og lagt fram sjálfstæðar kröfur um breytingar á kjarasamningum. Þá hafi verið orðið ljóst að ekkert yrði af samfloti viðsemjenda stefnda í kjaraviðræðum og samstarfi um sameiginlega endurskoðun samningsákvæða endanlega lokið. Með því hafi verið fallin brott forsenda fyrir tímabundinn hækkun skiptaverðmætishlutfalls.

64 Stefndi kveðst styðja kröfu sína um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða

65 Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

66 Ágreiningurinn í málinu lýtur að túlkun á 2. mgr. ákvæðis 1.29.1 í kjarasamningi aðila um ákvörðun skiptaverðs innanlands og á vinnsluskipum samkvæmt olíuverðsviðmiðun. Í ákvæðinu segir orðrétt um þetta atriði að á „meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings, skal útgerð sem selur afla til eigin vinnslu innanlands, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila, skal skiptaverðmætishlutfall vera að lágmarki 70,5%.“ Þá segir í ákvæðinu: „Aðrar tölur fyrir afla til eigin vinnslu innanlands breytast til samræmis við þetta.“

67 Aðilar deila um það hvort umrætt ákvæði í samningnum haldi gildi sínu eftir að umsaminn gildistími hans er liðinn. Þannig leitar stefnandi með kröfugerð sinni viðurkenningar á því að ákvæðið haldi gildi sínu þar til um annað verði samið. Stefndi byggir aftur á móti á því að ákvæðið sé samkvæmt efni sínu tímabundið og hafi því fallið niður um leið og gildistími kjarasamningsins rann út 1. desember 2019.

68 Í íslenskum vinnumarkaðsrétti hefur um langt skeið verið gengið út frá því að sú regla gildi að þegar kjarasamningur rennur út eða honum er sagt upp fari í meginatriðum áfram um réttindi og skyldur samningsaðila eftir gamla samningnum meðan enn er ósamið og verkfall ekki skolið á, sjá hér m.a. dóm Félagsdóms frá 17. febrúar 1986 í máli nr. 10/1985. Þessi regla takmarkar þó ekki heimildir samningsaðila til að semja um að tilteknum atriðum í kjarasamningi sé afmarkaður ákveðinn gildistími, svo framarlega sem ekki leiði annað af lögum.

69 Samkvæmt orðalagi þess ákvæðis sem ágreiningur aðila í þessu máli lýtur að skyldi skiptaverðmætishlutfall vera að lágmarki 70,5% þegar útgerð sem seldi afla til eigin vinnslu innanlands, „á meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings“. Um gildistímamann var síðan fjallað í 18. gr. samnings aðila, sem bar yfirskriftina „Gildistími“ en þar sagði orðrétt: „Með þeim breytingum sem hér eru gerðar framlengist kjarasamningur aðila til 1. desember 2019 og rennur þá úr gildi án uppsagnar.“

70 Það er meginregla í vinnurétti að túlka beri ákvæði kjarasamninga eftir orðanna hljóðan, sbr. dóm Félagsdóms frá 18. febrúar 2020 í máli 18/2019. Þegar litið er til orðalags ákvæðis 1.29.1 sem og 18. gr. kjarasamnings aðila, sbr. einnig 1. málslið 6. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, verður ekki annað séð en ákvæðin beri skýrlega með sér að fyrrgreinda samningsákvæðinu hafi verið markaður ákveðinn gildistími til 1. desember 2019.

- 71 Í ljósi þessa ber stefnandi sönnunarbyrði fyrir því að aðilar málsins hafi lagt annan skilning í ákvæði 1.29.1 við samningsgerðina. Að mati dómsins getur það að aðildarfélög stefnda hafi áfram innt af hendi greiðslur samkvæmt ákvæðinu í rúmlega fimm mánuði eftir að það rann út eða að stefndi hafi talið rétt að tilkynna stefnanda sérstaklega um afnám þessara greiðslna ekki hnekk skýru orðalagi samningsins um þetta atriði. Verður þá jafnframt að líta til þess að gögn málsins, þar á meðal kynningarefni sem stafar frá viðsemjendum stefnda, bera að sama bruni um það að ákvæði 1.29.1 hafi átt að skilja í samræmi við orðalag þess um að það hefði afmarkaðan gildistíma.
- 72 Í þessu sambandi verður heldur ekki horft fram hjá því að gildistími ákvæðis 1.29.1 var einnig miðaður við þann tíma sem starfshópur samkvæmt bókun C ynni að heildarendurskoðun kjarasamnings. Samkvæmt upphafsorðum bókunarinnar voru aðilar „sammála um að á samningstímanum verði kjarasamningar yfirfarnir í heild sinni.“ Einnig var þar tekið fram að miðað væri við að sá starfshópur sem skyldi vinna að verkefninu hefði lokið störfum eigi síðar en 1. júlí 2019. Ágreiningslaust er með aðilum að téðri endurskoðun var ekki lokið við lok samningstímans, 1. desember sama ár. Aðila, þar með talið þá sem leiddir voru fyrir dóm, greinir á hinn bóginn á um hvort starfshópurinn hafi verið að störfum á árinu 2020 að samningstímanum loknum. Telur dómurinn að öllu framangreindu virtu að það standi stefnanda nær að færa fram sönnur á að starfshópurinn hafi í reynd verið að störfum eftir að samningstímanum lauk. Engin gögn hafa verið lögð fyrir dóminn sem sýna fram á að svo hafi verið.
- 73 Með vísan til orðalags ákvæðis 1.29.1 sem og innbyrðis samræmis ákvæða í samningnum er það niðurstaða dómsins að ákvæði 1.29.1 um skiptaverðmætishlutfall við sölu útgerðar á afla til eigin vinnslu hafi verið markaður tiltekinn gildistími sem hafi runnið sitt skeið 1. desember 2019.
- 74 Í samræmi við framangreint verður að fallast á sýknukröfu stefnda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins, vegna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, er sýkn af kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Sjómannasambands Íslands. Stefnandi greiði stefnda 500.000 kr. í málskostnað.